

**Færni til framtíðar – forritun í Ölduselsskóla  
í 4. – 7. bekk  
skólaárið 2019-2020**



**Verkefnisstjóri: Una Jóhannesdóttir**

**Samstarfsaðili: Skema, Háskólinn í Reykjavík**

**Númer samnings: UMS-154**



## Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn

Verkefnið felst í því að efla rökhugsun, sköpun, þrautalausnir og færni til framtíðar með því að kynna fyrir nemendum margbrotinn heim forritunar. Þannig stuðlum við að menntun í takt við tækniþróun. Í hröðum heimi tækninnar er mikilvægt að verða ekki eftirbátar annarra og mikilvægt að nemendur fái jöfn tækifæri til að takast á við nýjar áskoranir sem bregðast þarf við með aukinni tæknimenntun.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Til að ná þessum markmiðum mun Ölduselsskóli fá kennara- og nemendaþjálfun frá Skema. Verkefnið byggir á gagnvirkum fyrirlestrum frá Skema um kennslu í forritun með það að markmiði að kennarar geti verið sjálfbærir í forritunarkennslu á öllum stigum grunnskólans. En Skema sérhæfir sig í kennslu og rannsóknum með sálfræði, kennslufræði og tölvunarfræði að leiðarljósi.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Ölduselsskóli fékk úthlutað um helming þeirra upphæðar sem sótt var um og því þurfti að draga úr umfangi verkefnisins. Í umsókn var gert ráð fyrir að allir kennarar og nemendur á mið- og unglíngastigi fengju forritunarkennslu frá Skema en niðurstaðan varð sú að nemendur og kennarar 4.-7. bekkjar fengju fræðsluna.

## Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Helstu hindranir við framkvæmd verkefnisins voru þær að áætlanir sem tengiliður/kennari Skema setti fram stóðust illa. Áætlað var að Skema útbyggji kennsluáætlanir út frá Aðalnámskrá í íslensku og stærðfræði en ekki varð af því. Viðkomandi tengiliður/kennari hætti í starfinu upp úr áramótum og tók þá annar aðili við sem reyndist mun áreiðanlegri og skipulagðari.

Þessir erfiðleika gerðu það að verkum að breyta þurfti tímaplani nokkrum sinnum, áhugi kennara fyrir verkefninu minnkaði og verkefnið var ekki eins markvisst og vonast var til.

## Mat á verkefninu

Verkefnið er mjög áhugavert og nytsamlegt í skólastarfi en vegna hindrana sem upp komu við kennslu og lýst er hér að ofan nýttist það ekki sem skyldi einkum fyrir kennara. Samt sem áður nutu nemendur sem fóru í gegnum þessa kennslu góðs af og þekkingin mun væntanlega nýtast þeim í framtíðinni.

## Niðurstöður verkefnisins

Nemendur sem fengu kennslu í tengslum við verkefnið munu geta nýtt sér þekkinguna bæði í tengslum við vinnu í íslensku og stærðfræði að einhverju leyti. Kennarar 4. – 7. bekkjar fengu einnig fræðslu um verkefnið áður en það hófst sem vonandi nýtist þeim til framtíðar.

## Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Helstu niðurstöður verkefnisins voru litlir tölvuleikir sem nemendur forrituðu og eiga í fórum sínum. Ekki var um aðrar afurðir að ræða af verkefninu sem hægt var að kynna í skólanum eða fyrir foreldrum.

Fljórir Benediktsson  
Skólastjóri

Anna Jóhannsdóttir  
Vestufua stjóri